

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag lóðar, Kálfholt, lnr. 165294.

Skipulagssvæðið nær til rúmlega 2 ha lóðar úr landi Kálfholts, lnr. 165294. Lóðin liggur við Suðholtsveg nr. 2398 vestan bæjartorfu Kálfholts. Á lóðinni er heimilt að byggja allt að 200 m² íbúðarhús og allt að 30 m² gestahús/geymslu.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. apríl 2016.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 26. maí 2016.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 20. júní 2016